



Leiðbeinandi tilmæli
um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002,
um fjármálafyrirtæki

Ekki í gildi

nr. 1/2003

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

3. júlí 2003

I. Inngangur.

- 1 Í 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er kveðið á um framkvæmd starfa stjórnna fjármálafyrirtækja. Kemur þar fram að stjórn skuli setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Sérstaklega skal fjallað um framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna, meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarféлага, og framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna. Einnig er kveðið á um að reglur þessar skuli sendar Fjármálaeftirlitinu.
- 2 Í athugasemdum þeim sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 161/2002 er tekið fram að í umræddri málsgrein sé mælt fyrir um þau atriði sem nauðsyn ber að komi fram í starfsreglum stjórnna fjármálafyrirtækja vegna séreðlis þeirra en skylda til setningar starfsreglna leiði af ákvæðum 4. mgr. 70. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.
- 3 Leiðbeinandi tilmæli þessi taka til þeirra atriða sem sérstaklega taka til fjármálafyrirtækja. Ekki er um tæmandi lýsingu á efni reglnanna að ræða heldur er fjallað um tiltekin atriði sem til sérstakrar umræðu hafa verið í samskiptum eftirlitsins við fjármálafyrirtæki. Vera kann að síðar reynist ástæða til að fjalla um fleiri atriði reglnanna í leiðbeinandi tilmælum.
- 4 Haft er að leiðarljósi að innri starfsreglum er ætlað að tryggja jafnræði við meðferð mála og vandaða og óháða málsmeðferð. Tilgangur þeirra er því að tryggja skýrleika í málsmeðferð ásamt því að styrkja umgjörð um viðskipti stjórnarmanna og féлага þeim tengdum við fjármálafyrirtækið og aðgang stjórnarmanna að upplýsingum um viðskiptamenn.
- 5 Tilmælunum fylgja skáletraðar nánari skýringar þegar við á.

II. Tilmæli er varða sérstakt hæfi stjórnarmanna

- 6 Kveða verður skýrt á um í starfsreglum stjórnna fjármálafyrirtækja að ef stjórnarmenn taka ekki þátt í meðferð máls vegna hagsmunatengsla, sbr. 55. gr. laga nr. 161/2002, þá skuli þeir víkja af fundi. Ástæða er til að undirstrika að þegar svo háttar til skal leitast við að tryggja að stjórnarmaður fái ekki aðgang að gögnum er varða afgreiðslu viðkomandi máls.
- 7 Einnig er nauðsynlegt að reglur stjórnna fjármálafyrirtækja kveði á um skyldu stjórnarmanna til að upplýsa stjórnina um þá aðila sem tengjast þeim hagsmunatengslum. Þessu tengt er æskilegt að starfsreglur kveði á um að framkvæmdastjóri eða stjórnarformaður geti krafist þess að stjórnarmaður víki sæti áður en efni máls er kynnt og gögn afhent telji þeir stjórnarmann vanhæfan til meðferðar máls.

Reglur stjórnna fjármálafyrirtækja hvað þennan þátt varðar byggja m.a. á 55. gr. laga nr. 161/2002 og skulu tilgreina að stjórnarmenn skuli ekki taka þátt í meðferð mála er varðar viðskipti þeirra sjálfra, fyrirtækja sem þeir eiga virkan eignarhlut í, sitja í stjórn eða eru fyrirvarsmenn fyrir eða eiga verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku í meðferð mála sem tengjast aðilum sem teljast venlaðir þeim með öðrum hætti. Er þar átt við bæði persónuleg og fjárhagsleg tengsl. Sama gildir einnig um þátttöku í meðferð mála er varða samkeppnisaðila bankaráðsmanna eða aðila þeim tengdum.

III. Tilmæli er varða meðferð upplýsinga um einstaka viðskiptamenn

- 8 a) **Aðgangur stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum að upplýsingum um viðskiptamenn**

Tryggja ber að upplýsingagjöf til stjórnarmanna um viðskiptavini fari aðeins fram í gegnum stjórnina og stjórnarmönnum verði óheimilt að hafa beint samband við starfsmenn til upplýsingaöflunar.

Fyrirspurnir stjórnarmanna um einstök viðskipti eða viðskiptavini skal bera upp í stjórn og svör við einstökum fyrirspurnum skulu kynnt stjórnarmönnum öllum.

Þessu tengt er æskilegt að kveðið sé á um í reglum starfsmanna að þeir skuli ekki veita stjórnarmönnum upplýsingar um viðskiptamenn fjármálafyrirtækisins. Rétt er að taka fram að ákvæði þetta á ekki við gagnvart starfandi stjórnarformönnum eða starfsmönnum sem sitja í stjórn fjármálafyrirtækja hvað varðar framkvæmd þeirra starfa í þágu fjármálafyrirtækisins. Í þeim tilvikum þarf hins vegar að huga sérstaklega að stöðu þessara aðila til að sinna eftirlitshlutverki sínu sem stjórnarmenn.

- 9 b) **Upplýsingagjöf til stjórna fjármálafyrirtækja og Fjármálaeftirlitsins um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila**

Sérhvert fjármálafyrirtæki verður að skilgreina í starfsreglum þá viðskiptamenn sem flokkast undir að vera venslaðir aðilar. Fjármálaeftirlitið telur að stjórnarmenn (aðal- og varamenn), stjórnendur og lykilstarfsmenn sem teljast til innherja falli undir að vera venslaðir aðilar sem og nánir fjölskyldumeðlimir þessara aðila. Einnig falla hliðstæðir aðilar í dótturfélögum og tengdum félögum undir að vera venslaðir aðilar sem og hluthafar sem eiga 5% eignarhlut eða stærri í fjármálafyrirtækinu. Þá telur Fjármálaeftirlitið að fyrirtæki sem framangreindir aðilar eiga a.m.k. 10% hlut í, starfa hjá eða gegna stjórnarformennsku fyrir falli undir að vera venslaðir aðilar.

Þeir aðilar sem teljast venslaðir aðilar eru aðilar í þannig tengslum við fjármálafyrirtækið að með fyrirgreiðslu fjármálafyrirtækisins til þeirra eða fyrirtækja þeim tengdum geta vaknað upp spurningar um hagsmunaárekstra, þ.e.a.s. að venslaðir aðilar njóti aðstöðu sinnar á einhvern hátt umfram aðra viðskiptamenn fjármálafyrirtækisins.

Hægt er að hugsa sér margsvísleg tilfelli þar sem venslaðir aðilar gætu misnotað aðstöðu sína. Sem dæmi má nefna að í krafti stöðu sinnar gætu venslaðir aðilar knúið fram óeðlileg viðskiptakjör eða íhlutast í viðskiptalegar ákvarðanir er varða þá sjálfa, tengd félög eða samkeppnisaðila.

Þann 15. ágúst 2002. óskaði Fjármálaeftirlitið eftir afriti af leiðbeiningum eða reglum lánastofnana um upplýsingagjöf til bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar vegna fyrirgreiðslu til venslaðra aðila. Þá ákvað Fjármálaeftirlitið að óska hálfárslega eftir upplýsingum um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila og útbjó eyðublaðið sem er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Eyðublaðinu skal skilað til Fjármálaeftirlitsins hálfárslega, eigi síðar en í lok næsta mánaðar á eftir hverju misseri.

Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að fjármálafyrirtæki leggi fyrir innri endurskoðanda að fara með reglubundnum hætti yfir fyrirgreiðslu til venslaðra aðila m.t.t. kjara, endursamninga og stöðu. Jafnframt óskar Fjármálaeftirlitið eftir að upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila miðað við lok júní n.k. verði í samræmi við þær leiðbeiningar sem fram koma hér að ofan.

IV. Tilmæli er varða setu stjórnarmanna í stjórnnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarféлага

- 10 Í starfsreglum stjórnar fjármálafyrirtækja þarf að koma fram að við ákvörðun um setu stjórnarmanna í stjórn dóttur- eða hlutdeildarféлага sé fjallað um áhrif stjórnarsetunnar á eftirlitshlutverk stjórnarmannsins og nauðsyn þess að stjórnarmaðurinn taki sæti í stjórninni.

Þar sem megin starf stjórnar fjármálafyrirtækja felst í að hafa yfirumsjón og eftirlit með starfsemi og rekstri viðkomandi fyrirtækis verður almennt að telja óæskilegt að þeir takist á hendur slík stjórnarstörf en slík nauðsyn gæti t.d. skapast ef viðkomandi stjórnarmaður hefur sérþekkingu á því starfssviði sem starfsemi dóttur- eða hlutdeildarfélagssins tengist. Taki stjórnarmaður sæti í stjórn dóttur-eða hlutdeildarfélag er hann í þeirri stöðu að hafa að einhverju leyti eftirlit með sjálfum sér ásamt því að sú hættu skapist að stjórn fjármálafyrirtækisins veikist þar sem stjórnarmaðurinn vegna vanhæfisreglna getur ekki tekið ákvörðun um málefni viðkomandi dóttur- eða hlutdeildarfélag.

V. Tilmæli er varða framkvæmd reglna um viðskiptaerindi stjórnarmanna

- 11 Hyggist fjármálafyrirtæki ekki leggja öll viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fram í stjórn til samþykktar eða synjunar þarf að setja skýrar reglur um viðmið, þ.á m. töluleg viðmið, vegna slíkra undantekninga. Slíkar undantekningar mega einvörðungu lúta að venjulegum viðskiptum sem lúta að lágum fjárhæðum og fara eftir almennum lánareglum. Stjórn fjármálafyrirtækis skal reglulega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega upplýst um öll afgreidd viðskiptaerindi og kjör

Samkvæmt 3. mgr. 55. gr. laga nr. 161/2002 skulu viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir lögð fyrir stjórn fjármálafyrirtækis eða stjórnarformann félags, til samþykktar eða synjunar. Þó er heimilt að setja almennar reglur um afgreiðslu slíkra mála þar sem tiltekið er hvaða viðskiptaerindi þurfi og þurfi ekki sérstaka umfjöllun stjórnar áður en til afgreiðslu kemur. Samkvæmt athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 161/2002 er tilgangur ákvæðisins að koma í veg fyrir að stjórnarmenn geti í krafti stöðu sinnar komið á viðskiptum sem ella hefðu ekki verið samþykkt. Einnig er tekið fram að undantekningar þurfi að vera vel afmarkaðar í reglum og taka mið af áhættu og umfangi þeirra viðskipta sem um er að tefla.

VI. Niðurlag

- 12 Fjármálaeftirlitið óskar eftir að hvert fjármálafyrirtæki endurskoði starfsreglur stjórnar með hliðsjón af þeim tilmælum sem hér eru fram sett, ákvæðum laga nr. 161/2002 og ákvæðum laga nr. 2/1995. Í samræmi við 54. gr. laga nr. 161/2002 óskar Fjármálaeftirlitið eftir því að því verði sendar endurskoðaðar reglur.

Ekki í gildi